

## Leiðbeiningar – Facebook



Facebook (á íslensku má kalla hana Fasbók/Fésbók) er samskipta-vefur þar sem fólk, vinir, kunningjar, samstarfsfólk og aðrir geta haft samskipti sín á milli í gegnum vefinn.

### Samskipti við vini

Vefurinn er hannaður með þeim hætti að í raun þá ræður hver og einn við hvern hann hefur samskipti. Þannig getur einstaklingur ákveðið hverjir eru „vinir“ sínir á Fasbókinni og hverjir ekki. Það er svo auðvitað háð því að hinn aðilinn vilji vera „vinur“ sömuleiðis.

Þessir „vinir“ á Fasbókinni geta því haft samband við þig (t.d. með því að senda þér skilaboð, spjalla við þig, senda þér myndir en jafnframt séð allt sem þú segir og gerir á Fasbókinni. Þannig er Fasbókin opinn miðill fyrir þá sem þú þekkir og ert tengd/ur.


Í raun er allt sem sagt og gert er á Fasbókinni hálf opinbert, ekki ósvipað og gamli sveitarsíminn, þar sem fólk gat hlustað á samskipti á næsta bæ. En þó flest allt sé opinbert fyrir vinum þínum og þínu tengslaneti, þá er hægt að senda persónuleg skilaboð og þá sér viðtakandi skilaboðanna þau eingöngu. Sömu sögu má segja með spjallið (chat á ensku) en það er ekki sýnilegt öðrum en þeim sem spjalla saman.

### Þín síða á Fasbókinni

Fasbókin virkar með þeim hætti að hver og einn hefur sinn Prófil, síðu sem inniheldur upplýsingar um þig (þær upplýsingar sem þú kærir þig um að birta vinum þínum) með myndum frá þér. Þessi prófil-síða inniheldur svokallaðan

„vegg“ sem þú getur skrifað og birt upplýsingar á (eins og t.d. „átti góðan dag í dag“ eða „er boðið í matarboð, hlakka mikið til!“) eða eitthvað slíkt. „Vinir“ þínir geta jafnframt skrifað á vegginn þinn. Allt sem skrifað er á vegginn er sýnilegt öðrum vinum þínum. Sömuleiðis getur þú skrifað á veggi vina þinna.

Í raun gilda almennar reglur á Fasbókinni líkt og á öðrum opnum vettvangi og fjölmiðlum. Ef einstaklingur ritar á vegginn sinn, eða annarsstaðar eitthvað ósiðsamlegt eða meiðandi í garð annarra er hægt að tilkynna slíkt með því að fara í Report/Block.



Í raun má segja að sömu reglur gildi um Fasbókina líkt og þegar ritað er í dagblöð og aðra fjölmiðla. Það sem er skrifað og sagt er á ábyrgð þess einstaklings.


## Að gerast notandi á Fاسبókinni

Til að byrja að nota fاسبókina þá þarf að fara á síðuna [www.facebook.com](http://www.facebook.com) og kemur þessi síða þá upp (sjá hér að neðan). Hér þarf að skrá sig og stofna aðgang.




Skráð er fornafn, eftirnafn, netpóstfang (email) og lykilorð. Síðan eru skráðar upplýsingar um kyn og afmælisdag. Að þessu loknu er smelt á græna hnappinn „Sign Up“. (sjá hér að neðan í rauða rammanum)

Ef þú ert skráður notandi að Fاسبókinni þá er nóg að slá inn netpóstfang (email) og lykilorð (password) (sjá hér að neðan).



Þá ferðu á þína upphafssíðu sem gæti litið svona út (sjá hér að neðan):



Þessi síða inniheldur ýmsar tilkynningar frá ýmsum vinum. Þetta geta verið stöðuupplýsingar, tengingar yfir á fréttir og greinar á öðrum vefsíðum, myndbönd, ljósmyndir og annað slíkt (sjá í rauða rammanum).


Til að fara á þína síðu (prófilinn þinn) þá er smelt á nafnið þitt uppi í vinstra horninu (í græna rammanum).

Þá birtist síða sem gæti verið lík þeirri sem sést hér að neðan:




### Finna vini á Fasnókinni

Til að finna vini á Fasnókinni er hægt að leita með því að smella á táknið sem er uppi í vinstra horni (sjá í rauða rammanum):



Og síðan er smellt á „Find friends“ (sjá í rauða rammanum):




Einnig er hægt að slá inn nafn á viðkomandi inn í leitarreitinn til að finna vini.




## Setja inn myndir inn á Fasbókina

Hægt er að setja myndir inn á Fasbókina. Er hægt að búa til myndaalbúm þar sem settar eru inn myndir í sama albúmið. Einnig er hægt að setja inn myndir beint á prófíl vegginn.


Fyrst er smeltt á „**Photo**“ eins og sést á myndinni hér að neðan.



Ef ætlunin er að búa til myndaalbúm með safni af myndum er einfaldlega smeltt á „**Create photo album**“




Við það opnast þessi gluggi. Hér er hægt að gefa albúminu nafn, taka fram hvar myndirnar eru teknar og hverjir geti séð myndirnar. Að því loknu er smellt á „**Create Album**“ niðri í hægra horni (blái hnappurinn).



The screenshot shows the Facebook 'Create Album' dialog box. It has a title 'Create Album' and three input fields: 'Name of album', 'Where' (with the placeholder text 'Where were these photos taken?'), and 'Share album with' (set to 'Friends'). At the bottom, there is a link for 'About Mobile photos', a 'Cancel' button, and a blue 'Create Album' button.

Þá opnast þessi gluggi hér (sjá hér að neðan).



The screenshot shows the Facebook 'Upload Photos - Myndir' dialog box. It has a title 'Upload Photos - Myndir' and a 'Back to album' button. Below the title are three tabs: 'Add Photos', 'Edit info', and 'Delete'. The main area contains a 'Photos:' section with the text 'You can upload JPG, GIF or PNG files.' and five 'Browse...' buttons. At the bottom, there is an 'Upload Photos' button, an 'or' separator, and a 'Cancel' button. A link at the bottom says 'Got a camera phone? Upload photos straight from your phone.'

Hér er smellt á „Browse...“ til að finna myndir í tölvunni til að setja inn á Fasbókina. Þegar smellt er á Browse... þá opnast sjálfkrafa mappa með myndum í tölvunni og því þarf að smella á myndirnar sem setja á inn á Fasbókina (þær afritast þá yfir í albúmið á Fasbókinni en halda jafnframt áfram að vera á sínum stað í myndamöppu í tölvunni). Í einhverjum tilvikum þarf að leita að möppunum og myndunum sem setja á inn á Fasbókina (ef vitlaust mappa opnast).